

Auglýsing um póstmál.

158
25. nóv.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 7. þ. m. samþykkt þessar breytingar á 2. og 8. gr. auglýsingar 3. maí 1872.

1., að aukapóstur Þingeyjarsýslu, er fer frá Grenjaðarstað um Húsavík, Skinnastaði og Presthóla að Sauðanesi, megi á leið sinni milli Presthóla og Sauðaness bæði fram og aftur koma við á verzlunarstaðnum Raufarhöfn, og að þar megi stofna brjefhirðingu.

2., að aukapóstur Strandasýslu, er fer frá Stað í Hrótafirði um Borðeyri og Prestsbakka norður í Steingrímsfjörð, megi halda áfram leið sinni að Reykjarfjarðar verzlunarstað, að þar verði stofnuð brjefhirðing, og að brjefhirðingin á Stað í Steingrímsfirði verði flutt að Hrófbergi eða Kirkjubóli við sama fjörð.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 25. nóvbr. 1878.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Auglýsing um póstmál.

159
25. nóv.

Að áskildu samþykki ráðgjafans skal frá 1. janúar 1879 stofnuð aukapóstferð frá Hraungerði í Árnessýslu að Reykjum á Skeiðum í sömu sýslu, og skal stofna brjefhirðingu sama staðar.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 25. nóvember 1878.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa þeim, er biða tjón af jarðeldi á Íslandi. **160**
30. júlí.

Vjer Christian hinn níundi af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljésvík, Holtsetalandi, Stór-mæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg

g j ö r u m k u n n u g t: að Vjer eptir ástæðum, sem ráðgjafi Vor fyrir Ísland hefir allraþegnsamlegast innt oss frá, höfum staðfest og fallizt á, eins og Vjer hjer með staðfestum og föllumst á skipulagsskrá þá fyrir «styrktarsjóð handa þeim, er biða tjón af jarðeldi á Íslandi», sem landshöfðinginn yfir þessu Voru landi hefir samið hinn 4. marz þ. á., samkvæmt beiðni hinnar hjerverandi nefndar «til þess að gangast fyrir samskotum handa Íslendingum, er orðið hafa fyrir skaða», og er sú skipulagsskrá frumrituð hept við þetta brjef — þó þannig, að í 1. gr. eptir orðið «ríkisskuldabryjef» sje viðbætt, að þeim skuli varið í innritunarskírteini, sem hljóði upp á nafn sjóðsins, sem og að í niðurlagi 1. atriðis 2. greinar, sje gjörð sú ákvörðun, að ekki megi haggja við innstæðufjenu, nema þar til sje fengið samþykki ráðgjafans fyrir Ísland, og að í niðurlagi 2. atriðis hinnar sömu greinar sje því við bætt, að svo framarlega sem ekki hefir verið af hálfu viðkomandi gefanda gjörð ákvörðun um, hvernig verja skuli einhverri upphæð, sem sjóðnum hefir gefizt, skal því máli skotið undir úrlausn fyr nefnds ráðgjafa vors.